



Til bæjarráðs

Kópavogi, 17. október 2024
24051201/306.00 ÁAK

Efni: Svar bæjarlögmanns við fyrirspurn bæjarráðs um aðkomu öldungaráðs við ákvarðanartöku um framtíð Roðasala.

Inngangur:

Á fundi bæjarráðs þann 17. október sl. var þeirri fyrirspurn beint til bæjarlögmanns hvort vísa fyrirbyggjandi tillögu um að endurnýja ekki samning við SÍ um rekstur hjúkrunarheimilisins að Roðasölum til umsagnar öldungarráðs Kópavogs.

Hlutverk og tilgangur öldungaráðs:

Samkvæmt 2. mgr. 38. gr. félagasþjónustulaga nr. 40/1991 skal í hverju sveitarfélagi starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Samhljóða ákvæði er að finna í 6. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Verkefni öldungaráða eru tilgreind í 8. gr. laga um málefni aldraðra. Öldungaráðum ber að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu, að gera tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarþjónustu, leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna ölduðum þá kosti sem í boði eru.

Öldungaráð Kópavogs starfar samkvæmt erindisbréfi dags. 25. júní 2019. Þar segir að hlutverk öldungaráðs Kópavogs sé að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við bæjarstjórn og nefndir og ráð Kópavogsbæjar um hagsmuni aldraðra þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða, framkvæmd hennar og þróun. Ráðið stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli aldraðra og bæjaryfirvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða aldraða. Markmiðið með starfi ráðsins er að bæta þjónustu við aldraða í Kópavogi með virkri aðkomu aldraðra að skipulagi og mótun þjónustunnar. Öldungaráð skal funda að jafnaði þrisvar á ári, auk opins fundar árlega með Félagi eldri borgara. Heimilt er að halda einn aukafund á ári ef þörf er.

Hlutverk öldungaráðs Kópavogs er skv. 7. gr. erindisbréfsins ráðsins eftirfarandi:



1. Að vera ráðgefandi um áætlanagerð í málefnum aldraðra í Kópavogi, sbr. 3. málsl. 1. mgr. 8. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
2. Vera ráðgefandi við gerð reglna um þjónustu við aldraða.
3. Fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við aldraða í Kópavogi í samráði við notendur hennar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, .
Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga

Álit:

Öldungaráð Kópavogs er samráðs og samtarfsvettvangur. Ráðið hefur ekki heimild til ákvörðunartöku og er fyrst og fremst ráðgefandi um áætlunargerð í málefnum aldraðra annar vegar og við gerð reglna um þjónustu aldraðra hins vegar. Það erindi sem liggur nú fyrir bæjarstjórn fellur að mati undirritaðra ekki þar undir og er því ekki formskilyrði að leitað sé eftir umsögn ráðsins.

Öldungarráð hefur jafnframt það hlutverk að fylgjast með framkvæmd og þróun þjónustu við aldraða í Kópavogi. Sú ákvörðun sem liggur fyrir bæjarstjórn að taka mun hafa áhrif á þjónustu við aldraða í Kópavogi og því rétt að ákvörðun bæjarstjórnar um framtíð hjúkrunarrýmisins í Roðasölum sé kynnt í Öldungarráði á næsta fundi þess.

Virðingarfyllt,

Ása A Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður

